

Nd.

## 29. Frumvarp til laga

[29. mál]

um raforkuveitur.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinnsson.

### 1. gr.

Á árunum 1966—1968 skal leggja rafmagnslínur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin og hagað þannig, að línur verði fyrst lagðar um sveitir, þar sem skemmst er milli býla, en síðan áfram í röð eftir vegalengdum og síðast um þau svæði, þar sem meðallínulengdin er mest.

### 2. gr.

Kostnaður við framkvæmdir samkv. 1. gr. greiðist úr ríkissjóði, en ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmdanna allt að 100 millj. kr.

### 3. gr.

Til þess að undirbúa ákvarðanir um, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verði fullnægt með línunum frá samveitum, láti raforkuráð gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2.5 km og 2.5—3 km. Einnig geri ráðið tillögur um aukna aðstoð til þeirra, er koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, t. d. með meiri og hagstæðari lánunum. Þá geri raforkuráð tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu tillögurnar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum.

Áætlanir þessar og tillögur verði fullgerðar fyrir 1. okt. 1966.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Fyrir 11—12 árum var ákveðið með lögum frá Alþingi, að gera skyldi áætlun um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, og að verja til þeirra a. m. k. 250 millj. kr., auk framlaga úr héruðum. Áætlun þessi hefur verið nefnd 10 ára áætlunin, og mun nú vera talið, að framkvæmdum samkvæmt henni sé um það bál lokið.

Það var aðalreglan við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar að leggja rafmagnslínur um þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla var 1 km eða þar fyrir neðan.

Raforkumálaskrifstofan telur, að í árslok 1964 hafi rúmlega 2900 sveitabýli haft rafmagn frá almenningsveitum. Auk þeirra voru þá 480—490 býli, sem höfðu rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Eftir þeim upplýsingum um heildartölu sveitabýla á landinu, sem fyrir liggja, má telja, að fjöldi þeirra býla, sem hvorki höfðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, hafi verið hátt á annað þúsund í árslok 1964.

Á síðustu árum hafa verið fluttar tillögur á Alþingi um, að ljúka skyldi áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu sveitanna. Þær tillögur hafa ekki fengizt samþykktar í þinginu, og raforkuráð hefur ekki enn gengið frá slíkum áætlunum. En í lok júnímánaðar 1964 hafði raforkumálaskrifstofan lokið við að gera áætlun um raflínulagnir um þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er 1—2 km. Þegar frá eru talin þau býli, sem samkvæmt þeirri áætlun áttu að fá rafmagn árið 1965, náði áætlunin til samtals 774 býla, og var talið, að kostnaðurinn við raflínulagnir til þeirra mundi nema 147 millj. króna. Við þessa áætlun er þó það að athuga, að inn á hana vantar allmörg býli hér og þar á landinu, þar sem línulengd er innan við 2 km að meðaltali milli bæja.

Um árið 1965 er það að segja, að talið er, að í lok þess árs muni verða ólokið eftirtöldum veitum, sem samþykkt var að byggja á því ári, en ákveðið mun vera að koma þeim upp á árinu 1966:

Borðeyrarlínu, Reynihóla-, Hrísa- og Litluhlíðarlínu í V.-Húnavatnssýslu, Núpallínu og Gautlandalínu í S.-Þing., Kelduhverfislínu (33 býli) í N.-Þing., Fljótsdalslínu frá Hallormsstað (18 býli: Efni komið), og Snæhvammslínu í Breiðdal (Efni komið).

Hér að auki eru nokkrar línur, sem voru á áætlun 1965, enn í byggingu, misjafnlega langt á veg komnar.

Í 1. gr. frv., sem hér er fram borið, eru fyrirmæli um raflínulagnir á næstu 3 árum til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, á þeim landssvæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er allt að 2 km. Það má teljast auðvelt að ljúka þessu verkefni á 3 árum, eins og lagt er til í frumvarpsgreininni, en þess er brýn þörf, að hraðað verði svo sem unnt er að ljúka rafvæðingu allra byggða.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að taka lán til þeirra framkvæmda, er um ræðir í frv., að fjárhæð allt að 100 millj. kr. Eins og áður segir, áætlaði raforkumálaskrifstofan á miðju ári 1964, að kostnaður við þær rafmagnsveitur, sem áætlun hennar náði til eftir árslok 1965, mundi nema 147 millj. króna. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1966 eru ætlaðar 21.6 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum. Verði svipaðar fjárveitingar til þeirra framkvæmda á árunum 1967 og 1968, vantar um 82 millj. kr. til að ljúka verkinu á næstu 3 árum. Þar koma til frádráttar heimtaugagjöld úr héruðunum, en hins vegar má búast við hækkun á framkvæmdakostnaði á þessu sviði sem öðrum, og þar sem inn á áætlunina vantar línur til allmargra heimila, sem þar ætti að taka með, þykir rétt að miða lántökuheimildina við 100 millj. kr.

Eins og áður segir, munu þau heimili hafa verið hátt á annað þúsund, sem ekki höfðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum í árslok 1964. En talið er, að þá hafi um 560 heimili haft rafmagn frá mótorstöðvum. Mjög víða er þar aðeins um að ræða ófullkomna úrlausn til bráðabirgða, meðan beðið er eftir raflinum frá samveitum. Raforkuþörf fólksins þarf að fullnægja með línunum frá almenningsveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því að á þann hátt fæst bezt og öruggust þjónusta.

Til undirbúnings ákvörðunum um það, að hve miklu leyti rafmagnspörfinni verður fullnægt með línunum frá samveitum, þarf að gera áætlunir um kostnað við línulagnir um svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er yfir 2 km. Rétt þykir að fá þær kostnaðaráætlunir í tvennu lagi, þ. e. um byggðir, þar sem meðallínulengdin er 2—2.5 km, og aðra áætlun um þau svæði, þar sem línulengdin er 2.5—3 km að meðaltali.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um að fela raforkuráði að gera þær kostnaðaráætlunir, er um getur hér að framan. Það verk ætti að vera fremur auðunnið, þar sem raforkumálaskrifstofan mun hafa það yfirlit um byggðirnar, sem þörf er fyrir til að gera slíka áætlun. Þegar þessar kostnaðaráætlunir liggja fyrir, þarf Alþingi að ákveða, á hvern hátt þau svæði, er þær ná yfir, verða rafvædd.

Samkvæmt 3. gr. frv. er raforkuráði einnig ætlað það verkefni að gera áætlanir um meiri aðstoð en nú er veitt við byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök heimili eða fleiri saman, t. d. með auknum hagstæðum lánnum. Enn fremur að gera áætlanir um uppsetningu dísilstöðva, þar sem önnur úrræði eru ekki fyrir hendi, og verði áætlanir þessar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Þetta gæti orðið annað hvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald, eða að veitt yrðu rifleg lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á stöðvunum.

Lagt er til, að áætlanagerð þeirri, er um ræðir í 3. gr., verði lokið fyrir 1. október næsta ár. Getur þá næsta Alþingi tekið þetta þýðingarmikla mál til úrlausnar.

Það er í beinu framhaldi af því, sem áður var samþykkt um 10 ára áætlunina og framkvæmd hennar, að nú þegar séu gerðar og staðfestar nýjar áætlanir um að ljúka rafvæðingu landsins að fullu á svo skömmum tíma sem unnt er. Það fólk, sem enn er án þeirra miklu þæginda, sem rafmagnnið veitir, á fullan rétt á því, að eftir því sé munað og að það fái að vita, án óþarfrar tafar, hvenær rafmagnnið verður flutt inn á heimili þess. Örugg vitneskja um þetta er mikils virði fyrir þá, sem bíða eftir rafmagninu, og ákvarðanir í málinu hafa þegar dregizt of lengi.

#### Fylgiskjal.

Áætlanir raforkumálaskrifstofunnar frá 30. júní 1964, sem vitnað er til í framanritaðri greinargerð, eru birtar hér sem fylgiskjal með frumvarpinu. En í sambandi við þær áætlanir vilja flutningsmenn frumvarpsins taka þetta fram:

1. Áætlanir raforkumálaskrifstofunnar gera ráð fyrir, að framkvæmdirnar skiptist á 5 ár frá árslokum 1965, þ. e. á árin 1966—1970. En í þessu frumvarpi er lagt til, að verkinu verði lokið á næstu 3 árum, 1966—1968, þannig, að í árslok 1968 hafi raflínur verið lagðar um öll þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Þetta má telja vel framkvæmanlegt.
2. Áætlarnir munu mega teljast frumdrög, sem eftir er að endurskoða, og inn á þær vantar allmörg býli, sem frumvarp þetta tekur til, þar sem línur til þeirra eru ekki yfir 2 km að meðaltali. Verður þetta atriði athugað sérstaklega við meðferð málsins.
3. Áætlanir þessar hafa ekki enn hlotið samþykki raforkuráðs.

Með þessum athugasemdum eru birtar áætlanir raforkumálaskrifstofunnar hér á eftir.

#### Framkvæmdaáætlun Héraðsrafmagnsveitna ríkisins árin 1965—1970.

Framkvæmdaáætlun árið 1966	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Óseyrarl. Stöðvarf. S-Múl. ....	2	—	2	1.0	0.50	
Eyvindarmúlal. Fljótshl. Árness. ....	3	—	2	2.5	0.83	
Langadalsl. u. Holtast. A-Hún. ....	5	—	5	5.3	1.06	
Hrafnhólsl. frá Hólum í Hjaltadal ....	4	—	3	4.3	1.07	
Lækslína Holtum Rang. ....	2	—	1	2.2	1.10	
Sauðadalsárl. Vatnsn. V-Hún. ....	7	—	3	7.8	1.12	
Köldukinnarlína S-Þing. ....	14	1	13	16.2	1.16	
Laxárdalslína Dalasýslu ....	12	—	9	14.0	1.17	
Kelduhverfislína II N-Þing. ....	12	—	7	14.0	1.17	
Blöndudalslína I A-Hún. ....	10	—	9	12.0	1.20	
Álfgeirsvallal. Lýt. Skagafjarðars. ....	3	—	3	3.6	1.20	
Rauðabergslína Mýrahr. A-Skaftaf. ....	6	—	4	7.2	1.20	

Framkvæmdaáætlun árið 1966	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Tungufellsl. Hrunamannahr. Árn. ....	13	–	7	15.6	1.20	
Hósl. við Bildudal Barðastrandars. ....	1	–	1	1.2	1.20	
Vaðsl. frá Köldukinn S-Þing. ....	2	–	1	2.5	1.25	
Húsabakkal. Aðaldal S-Þing. ....	2	–	2	2.5	1.25	
Þverárhlíðarlína Mýrasýslu ....	13	–	12	16.4	1.26	
Flókadalslína Borgarf. ....	12	–	11	15.4	1.28	
Hálsasveitarlína Hvítársíða I ....	15	3	13	19.3	1.29	
Heiðarlína Rangárvöllum ....	2	–	1	2.6	1.30	
Innstalandsl. Reykjastr. Skagaf. ....	5	1	4	6.6	1.32	
Hurðarbaksl. Torfalækjarhr. A-Hún. ....	4	–	3	5.3	1.33	
Staðarsveitarlína II Snæfellsn. ....	31	5	24	41.4	1.34	
<b>Samtals</b>	<b>179</b>	<b>10</b>	<b>140</b>	<b>218.9</b>		<b>28.27</b>

Framkvæmdaáætlun árið 1967	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Miklaholts- Eyja- Kolbeinst.hr.lína ....	27	5	22	36.4	1.34	
Urriðafossllína Árnassýslu ....	5	–	4	7.0	1.40	
Bjarghúslína Þorkelshólshr. V-Hún. ....	2	–	2	2.8	1.40	
Seljavallalína Eyjafjallahr. R. ....	1	–	1	1.4	1.40	
Austureyjarlína Laugardal Árn. ....	2	–	2	2.8	1.40	
Tungulækjarl. Borgarhr. Mýras. ....	8	1	6	11.3	1.41	
Lundarreykjadalína I Borgarfj. ....	17	3	14	24.6	1.42	
Álftafjarðarlína frá Súðav. N-Ís. ....	7	–	6	10.0	1.43	
Þverárlína frá Urðarbaki V-Hún. ....	10	–	8	14.3	1.43	
Reyðarfjarðarlína (út) ....	5	–	5	7.2	1.44	
Valbjarnarvallalína Mýrasýslu ....	3	–	2	4.3	1.44	
Vopnafjarðarlína I og II ....	25	3	19	36.1	1.45	
Fellalína frá Ekkjuf. N-Múl. ....	16	2	10	23.5	1.47	
Fitjadalsl. Fr.-Torf. V-Hún. ....	8	–	5	12.0	1.50	
Hjallalandslína Vatnsd. A-Hún. ....	3	–	3	4.5	1.50	
Hofslína Svartárdal Skagaf. ....	14	1	12	21.0	1.50	
Flatatungulína frá Silfrastöðum Skagaf. ..	2	–	2	3.0	1.50	
Kjóastaðalína Bisk. Árnassýslu ....	7	1	6	10.5	1.50	
Hraunsmúlalína Kolbeinsstaðahr. ....	2	–	2	3.0	1.50	
Hofstaðalína frá Bjarkal. Barðast. ....	2	–	2	3.0	1.50	
<b>Samtals</b>	<b>162</b>	<b>16</b>	<b>133</b>	<b>238.7</b>		<b>29.50</b>

Framkvæmdaáætlun árið 1968	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Ingjaldssandslína V-Ís. ....	8	1	4	12.0	1.50	
Fnjóskadalína suðurhluti S-Þing. ....	6	–	6	9.1	1.52	
Kelduhverfislína III N-Þing. ....	12	–	10	18.4	1.53	
Haukadalslína Dalasýslu ....	11	1	10	16.9	1.54	
Bæjarhreppslína frá Borðeyri ....	20	1	13	31.4	1.55	
Skeggjastaðalína frá Höfn N-Múl. ....	6	3	4	9.3	1.55	
Helgafellslína Snæfellsness. ....	16	1	14	25.5	1.59	
Sólheimalína Svinavatnshr. A-Hún. ....	6	1	5	9.5	1.59	
Skagalína frá Höfðakaupstað ....	9	1	9	14.3	1.59	
Vatnsneslína að Tjörn V-Hún. ....	12	1	9	19.4	1.60	

Framkvæmdaáætlun árið 1968	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Vopnafjarðarlína III N-Múl. ....	10	1	8	16.0	1.60	
Fljótsdalsl. II að Þuriðarst. N-Múl. ....	4	–	3	6.4	1.60	
Breiðdalslína II S-Múl. ....	4	–	4	6.4	1.60	
Skriðdalslína S-Múl. ....	13	1	17	29.1	1.62	
Þjorsárholtslína Gnúpverjah. Árn. ....	3	–	3	4.9	1.63	
Helgustaðahreppslna Eskif. S-Múl. ....	6	1	6	10.0	1.67	
Lundarreykjadalslína II Borg. ....	11	1	10	18.8	1.67	

Samtals 162 14 135 257.4 30.97

Framkvæmdaáætlun árið 1969	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Áreyjalína Reyðarf. ....	5	–	5	8.4	1.68	
Stóra-Vatnsskarðslína Skagaf. ....	3	–	2	5.1	1.70	
Þingeyrarhreppslna V-Ís. ....	8	–	6	13.6	1.70	
Miðfjarðarlína V-Hún. ....	9	1	9	15.3	1.70	
Kollafjarðarlína Strandasýslu ....	14	1	10	24.0	1.71	
Herríðarhólslína Holtahr. R. ....	4	–	4	6.9	1.73	
Hjaltastaðalína I og II N-Múl. ....	19	2	18	33.5	1.76	
Hálsasveit Hvítársíða II Borg. ....	8	–	7	14.1	1.77	
Hvammslína Dalasýslu ....	16	2	16	28.6	1.77	
Hafnarneslína frá Stöðvarf. ....	4	2	2	7.6	1.79	
Miðfjarðarneslína frá Skeggjast. N-Múl. ....	8	–	5	14.4	1.80	
Gufuárlína Borgarhr. Mýrasýslu ....	1	–	1	1.8	1.80	
Berufjarðarlína frá Lágaf. Breiðdals. ....	22	1	17	39.7	1.80	
Svínadalslína A-Hún. ....	15	1	13	27.3	1.82	
Grafninglína frá Bildsf. Árn. ....	4	–	3	7.3	1.83	
Mánaskálarlína Vindh.hr. A-Hún. ....	3	–	3	5.5	1.83	
Stóra-Hraunslína Kolb. Snæf. ....	2	–	2	3.6	1.83	

Samtals 145 10 123 256.0 29.88

Framkvæmdaáætlun árið 1970	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/býli	Kostn. Mkr.
Bárðardalslína S-Þing. ....	23	3	19	42.0	1.83	
Súluvallal. Vatnsn. V-Hún. ....	7	–	7	13.0	1.86	
Blöndudalsl. II A-Hún. ....	3	–	3	5.7	1.90	
Múlal. v. Gilsfj. A-Barðas. ....	3	1	3	5.7	1.90	
Barðastrandarl. frá Patr. ....	29	2	25	56.0	1.93	
Kalmanstungul. frá Gilsb. Mýrasýslu ....	6	–	5	11.6	1.94	
Staðarfellsl. Dalasýslu ....	18	2	18	36.5	2.04	
Hósl. Önundarf. V-Ísaf.s. ....	2	–	2	4.0	2.00	
Valdasteinsst.l. frá Stað Hrútafirði ....	3	–	3	6.0	2.00	
Grænumýrart.l. Hrútafirði ....	2	–	2	4.0	2.00	
Bjarnarfjarðarl. Strandas. ....	9	4	7	19.2	2.14	
Holtsl. Þistilf. N-Þing. ....	2	–	2	4.0	2.00	
Breiðdalsl. III S-Múlas. ....	16	–	15	31.8	2.00	
Villingavatnsl. Grafningi Árn. ....	2	–	2	4.0	2.00	
Brúsastaðalína Þingvallas. Árnessýslu ....	1	–	1	2.0	2.00	

Samtals 126 12 114 245.5 28.27